

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldi Austfjarða hf. Berufjörður



<b>Dags eftirlits</b>	19.12.2012	<b>Fulltrúi UST</b>	Hákon Hansson
<b>Fyrirtæki</b>	Fiskeldi Austfjarða hf.	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Vörðu	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið seinna eftirlit
<b>Kennitala</b>	5204120930	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Kristján Ingimarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	03.21.00
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Starfsleyfi sem upphaflega var gefið út til HB Granda 2011 var flutt yfir á nýtt fyrirtæki, Fiskeldi Austfjörðum ehf kt. 520412-0930 19. 6. 2012

Starfsleyfinu var síðan aftur breytt 4.október 2012.

Með þeirri breytingu gildir starfsleyfið nú fyrir framleiðslu á allt að 6000 tonn af laxi og allt að 2000 tonn af regnbogasilungi á ári í sjókvíum í Berufirði.

Öllum þorski sem var í kvíum var slátrað í lok júlí sl, en 19. desember eru einungis seiði í tveimur af 18 kvíum, í annarri kvínni eru u.þ.b. 35 þúsund laxaseiði, en í hinni eru u.þ. b. 25 þúsund seiði regnbogasilungs.

Við eftirlit sl. sumar kom fram eitt frávik frá starfsleyfi þar sem ekki hafði verið lokið við vöktunaráætlun sbr. grein. 5.1 í starfsleyfi innan tímamarka. Úr þessu hefur nú verið bætt.

## UMFANG EFTIRLITS

Fundað með starfsmönnum um ákvæði starfsleyfis.

Ástand kvía kannað. Vegna óhentugra aðstæðna reyndist ekki unnt að fara út að kvíunum eins og ráðgert var, þegar eftirlitsferð var skipulögð.

## ATHUGASEMDIR

70 lítrar af Formalíni sem voru um borð í skipinu Stapaey við eftirlit sl. sumar hafa verið fluttir til Vopnafjarðar. Formalínið var í eigu HB Granda, sem rak fiskeldið í Berufirði fram til sl. vors.

Stefnt mun að því að hætta notkun skipsins og hafa alla þjónustu við kvíaaldið úr landi þegar framleiðsla eykst..

## ANNAÐ

Við eftirlit í júlí var eitt frávik, vegna greinar 5.1 í starfsleyfi, vöktunaráætlun var ekki tilbúin, en slíka áætlun bar að leggja fram fyrir 21. 12. 2011.

Skv. upplýsingum sem fram komu á fundi 19.12. var vöktunaráætlunin send til UST í haust (send 29.11. til [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is) skv. upplýsingum Kristjáns Ingimarssonar). Áætlunin hefur hins vegar ekki borist til HAUST sem eftirlitsaðila.

Áhættumat og viðbragðsáætlun skv. lið 4.4. í starfsleyfi er aðgengilegt á skrifstofu.

Sama á við um reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið (3.1 í starfsleyfi). Allar eftirlitsmælingar eru

aðgengilegar á skrifstofu.

Reykjavík, 08.01.2013

*Hákon Hansson*

---

Hákon Hansson

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.